

REGLUGERÐ

um (14.) breytingu á reglugerð nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar.

1. gr.

7. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar skal orðast svo:

Þrátt fyrir 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar er tannlæknum heimilt að innheimta kostnað samkvæmt eigin gjaldskrá vegna tannréttingameðferða eins og þær eru skilgreindar í 18. gr. reglugerðarinnar. Tannlæknir skal gera sjúklingi grein fyrir eigin kostnaðarþætti áður en meðferð fer fram, sbr. lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 20. gr., 1. mgr. 29. gr., 2. mgr. 38. gr. og 55. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum, og 2. mgr. 6. gr. laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009, öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðisráðuneytinu, 5. september 2023.

Willum Þór Þórsson.

Guðlaug Einarsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 11. september 2023